

Alþingi
Erindi nr. P 131/1361
komudagur. 18.4.2005



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 14. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum, 243. mál.


Samtök iðnaðarins styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Það á að vera keppikefli að greiða götu þeirra sem vilja hefja atvinnurekstur. Ekki á að nýta þann vilja sem skattstofn fyrir ríkissjóðs. Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að innheimt séu gjöld sem standi undir eðlilegum kostnaði við skráningu og umsýslu en mikilvægt er að þeir hlutir séu formfastir og skrár réttar og uppfærðar.

Flutningsmenn frumvarpsins benda á að kostnaður við skráningu hérlendis er hærri en tíðkast í helstu nágranna- og samkeppnislöndum en framkvæmd nokkuð skilvirk og einföld.

Samtök iðnaðarins hafa mjög beitt sér fyrir auknum skilningi á gildi nýsköpunar, sprotafyrirtækjum og hátækni fyrir líf skjör okkar í framtíðinni. Það á með öllum ráðum, stórum og smáum, að ýta undir og hvetja til dáða í þessum efnunum. Fyrirliggjandi frumvarp er liður í þeirri viðleitni.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri